

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2000

Nr. 128

352

28. febrúar 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Klettasvæði, Reykjavíkurhöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 26. október 1999 samþykkt deiliskipulag Klettasvæðis í Reykjavíkurhöfn.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjusandur/Laugarnesvegur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 11. janúar 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir Kirkjusand og Laugarnesveg 89 og 91.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lambhagi við Úlfarsá.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 24. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir stækkun gróðrarstöðvarinnar Lambhaga við Úlfarsá.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grafarholt, athafnasvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 8. febrúar 2000 samþykkt deiliskipulag athafnasvæðis í Grafarholti sem markast af Vesturlandsvegi, Reynisvatnsvegi, tengibraut og hrygg sem liggur eftir Grafarholti.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Áland, umferðartakmarkanir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. febrúar 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Eyrarland, Fossvogi, vegna umferðartakmarkana um Áland.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Brautarholt, Kjalarnesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 11. janúar 2000 samþykkt deiliskipulag norðurhluta jarðarinnar Brautarholts á Kjalarnesi.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skógarás 7-11 og 13-17.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarstjórn Reykjavíkur þann 12. október 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Suður-Seláss með stækkun lóðanna Skógarás 7-11 og 13-17 fyrir nýja staðsetningu byggingarreits fyrir hluta bílskúra.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. febrúar 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð.

I. KAFLI

Um reglu, hreinlæti og góða umgengnishætti á almannaferi.

1. gr.

Skilgreiningar.

Með *almannaferi* er í samþykkt þessari átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota, og eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, íþróttamannvirki, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn, bryggjur o.fl.

Með *þéttbýli* er í samþykkt þessari átt við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 m.

2. gr.

Um reglu og næði.

Bannað er að valda ónæði sem raskar næturro manna. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannaferi eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, mega ekki eiga sér stað á almannaferi og ekki mega menn þyrpast þar saman eða viðhafa háttsemi sem truflar umferð eða veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómfletningstækja, hljódfæra eða annars þess háttar, á eða við almannaferi, ef ástæða er til að ætla að slík tæki geti valdið ónæði eða truflun.

3. gr.

Hlýðnisskylda almennings við lögreglu.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis þegar lögreglan krefst þess. Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur.

4. gr.

Um biðraðir.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannaferi og bíður þar eftir afgreiðslu eða aðgangi svo sem við miðasölur, skemmtistaði, verslanir, biðstöðvar almenningsvagna og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.